

## LÖG

### um breytingu á ýmsum lögum á sviði landbúnaðar og matvæla vegna einföldunar regluverks og stjórnsýslu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Breyting á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum.

###### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Þeir einir mega stunda dýralækningar hér á landi sem hlotið hafa til þess leyfi Matvælastofnunar og skulu dýralæknar undirrita eiðstaf þar að lútandi. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um veitingu leyfis til dýralækninga.

b. 1. másl. 3. mgr. fellur brott.

c. Í stað orðanna „Heimilt er“ í 6. mgr. kemur: Matvælastofnun er heimilt; og orðin „ef Matvælastofnun mælir með því“ í sömu málsgrein falla brott.

###### 2. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: Matvælastofnunar.

###### 3. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Vaktsvæði dýralækna skulu afmörkuð í reglugerð sem ráðherra setur.

#### II. KAFLI

##### Breyting á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum.

###### 4. gr.

Við 1. másl. 8. gr. laganna bætist: og annarra áður óþekktra sjúkdóma.

#### III. KAFLI

##### Breyting á búvörulögum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

###### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. mgr. 7. gr. laganna:

a. 1. másl. orðast svo: Verðlagsnefnd skal skipuð til tveggja ára í senn.

b. Lokamálsliður fellur brott.

## IV. KAFLI

**Breyting á lögum um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, með síðari breytingum.**

## 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Óheimilt er að flytja til landsins, framleiða eða pakka hér á landi áburði, sáðvöru, lyfjablönduðu fódri, fóduraukefnum og forblöndum þeirra nema tilkynna þær vörur fyrst og láta skrá hjá Matvælastofnun sem staðfestir skráningu vörunnar. Sama gildir um fóður sem flutt er inn frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:  
Framleiðendum og innflytjendum er skylt fyrir 1. febrúar ár hvert að tilkynna til Matvælastofnunar heildarmagn innflutts og framleidds fódurs á undangengnu ári. Nánar skal kveðið á um tilkynningar til Matvælastofnunar í reglugerð sem ráðherra setur á grundvelli 7. gr.
- c. 2. mgr. orðast svo:  
Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða upplýsingar skulu fylgja vörum sem lög þessi ná yfir og kröfur um merkingar og lýsingu á notkun einstakra vöruflokka.

## V. KAFLI

**Breyting á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.**

## 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Á eftir 4. málsl. 1. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Matvælafyrirtæki sem starfrækja fiskeldisstöðvar og eru með gilt rekstrarleyfi samkvæmt lögum um fiskeldi þurfa ekki starfsleyfi fyrir frumframleiðslu og er ekki skylt að tilkynna slíka framleiðslu til Matvælastofnunar áður en hún hefst.
- b. Orðin „til tiltekins tíma“ í 1. málsl. 2. mgr. og orðin „áður en gildistími þess er liðinn“ í lokamálslið sömu málsgreinar falla brott.
- c. Orðið „gildistíma“ í 4. mgr. fellur brott.
- d. Í stað orðsins „ráðherra“ í 5. mgr. kemur: Matvælastofnun.

## 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. mgr. 25. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. og 3. málsl. kemur: Matvælastofnun.
- b. Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í 2. málsl. kemur: stofnunarinnar.
- c. Í stað orðsins „honum“ í 3. málsl. kemur: ráðherra.

## VI. KAFLI

**Breyting á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013, með síðari breytingum.**

## 9. gr.

Orðin „og skulu þær staðfestar af ráðherra“ í 2. málsl. 4. mgr. 7. gr. laganna falla brott.

## VII. KAFLI

**Breyting á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.**

## 10. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: Matvælastofnun.

## VIII. KAFLI

**Breyting á lögum um yrkisrétt, nr. 58/2000, með síðari breytingum.**

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 1. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „yrkisréttarnefndar, sbr. 22. gr.“ í 2. másl. kemur: Matvælastofnunar.
- b. Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Matvælastofnun skal hafa aðgang að þekkingu á hugverkarétti og ræktun og kynbótum nytjaplantna.

12. gr.

- a. Í stað orðanna „yrkisréttarnefndar“ í 1. mgr. og „Yrkisréttarnefnd“ í 5. mgr. 3. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögnum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.
- b. Í stað orðanna „nefndin“ í 5. mgr. 3. gr., „nefndinni“ í 2. mgr. 8. gr., „nefndarinnar“ í 2. mgr. 9. gr. og „nefndina“ í 1. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögnum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: stofnunin.

13. gr.

22. og 23. gr. laganna falla brott.

14. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna verður: **Viðurlög o.fl.**

## IX. KAFLI

**Breyting á lögum um breytingu á lögum um matvæli, lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og lögum um lífræna landbúnaðarframleiðslu (eftirlit, upplýsingagjöf), nr. 33/2018.**

15. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 2021“ í 7. gr. kemur: 1. janúar 2022.

## X. KAFLI

**Gildistaka og brottfall laga.**

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi lög:

1. Lög um breyting nokkurra laga, sem varða sölu og meðferð íslenskra afurða, nr. 79/1935.
2. Lög um gelding húsdýra, nr. 123/1935.
3. Lög um búfjártryggingar, nr. 20/1943.
4. Lög um að tryggja manneldisgildi hveitis, nr. 30/1947.
5. Lög um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, nr. 15/1962.
6. Lög um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, nr. 31/1969.
7. Lög um greiðslu verðjöfnunargjalds af sauðfjárafurðum, nr. 105/1978.
8. Lög um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, nr. 33/1979.
9. Lög um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, nr. 112/1989.
10. Lög um sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í ein heildarsamtök bænda, nr. 130/1994.

Nr. 101

9. júlí 2020

11. Lög um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, nr. 27/1995.  
Lög um flokkun og mat á gærum og ull, nr. 57/1990, falla úr gildi 1. nóvember 2021.

*Gjört á Bessastöðum, 9. júlí 2020.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Kristján Þór Júlíusson.*

\_\_\_\_\_  
A-deild – Útgáfud.: 22. júlí 2020